



LOKAGÁTLISTI

Fyrir hópinn sem hefur störf frá og með júní 2024

Skilyrði fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunni

- Ég hef hakað við öll atriði gátlista fyrir upphaf starfs á LSH/SAK/HVE. Gátlistinn er á vefsíðunni fyrir sérnámsgrunnarsárið undir fyrirsögninni „Upphafsgátlisti fyrir sérnámsgrunn“.

LSH: Allir sem koma inn á Landspítala einhvern tímann á námsárinu þurfa að skila gátlista við upphaf tímabils á spítalanum. Gátlistinn sendist til Sigrúnar Ingimarsdóttur á menntadeild sem viðhengi í tölvupósti. Móttaka á honum hefur verið staðfest í yfirlitsskjali frá Sigrúnu.

SAK: Sérnámsgrunnslæknar, sem eru stærstan hluta spítalamánaðanna á SAK, sendi listann sem viðhengi til Húgrúnar Hjörleifsdóttur námstjóra, hugrun@sak.is

HVE: Ég hef skilað gátlista til HVE eins og við á.

ePortfolio-kerfið – mikilvægi á jöfnum skilum yfir árið

ATHUGIÐ að á hverju 2ja mánaða tímabili á sérnámsgrunnarsárinu er reiknað með að námslæknir safni (sendi út beiðnir) að lágmarki: 2 MCR frá sérfræðilæknum og 2 - 4 vinnutengdum matsblöðum (MiniCEX, Cbd eða DOPS). Á sama hátt þarf að skila matsblöðum jafnt og þétt á heilsugæsluhlutanum. Ef því tímabili er skipt á milli tveggja heilsugæslustöðva þarf að ljúka u.þ.b. helmingnum af tilskyldum matsblöðum á hvorri stöð fyrir sig.

Það má reikna með að lengja þurfi sérnámsgrunnarsárið ef misbrestur er á þessu.

Eftirfarandi hefur allt verið skráð eða hlaðið inn í ePortfolio-kerfið

- Samningur um sérnámsgrunn
Hlaða inn undirrituðu skjali undir „Personal library“, velja „File status shared“.
- A.m.k. 6 starfsþróunaráætlanir (PDP) það er minnst ein fyrir hvert 2ja mánaða tímabil í námsblokkinni. Starfsþróunaráætlun er gerð í samráði við handleiðara (ES eða CS). Gott er að gera þrjár fyrir hvert tímabil þar sem eitt tekur á kunnáttutengdu atriði, eitt á færntengdu atriði og eitt á fagmennsku atriði.
- A.m.k. 7 umsagnir (MCR = Multiple Consultant Report) frá sérfræðilæknum.
Umsagnirnar miðast við spítalamánuðina. Miðað er við að a.m.k. einu umsagnarblaði verði skilað fyrir hvern spítalamánuð fram að síðasta mánuðinum. Leyfilegt er að óska eftir umsögn frá sérnámslækni/deildarlækni, en þó er ekki gert ráð fyrir að fleiri en tvö MCR séu frá sérnámslækni/deildarlækni og að önnur MCR séu frá sérfræðilæknum. Athugið að þessar umsagnir eiga bara við um spítalamánuðina, ekki heilsugæsluhlutanann.
- Allt þverfaglega matið (360° mat) (TAB = Team assessment behavior í ePortfolio), með a.m.k. 10 svörum (sjálfsmatsblaðið ekki talið með) frá eftirfarandi:
- Sjálfsmatsblaði (Ath. Það þarf að byrja á þessu til að geta sent öðrum TAB-matsblöð, telst ekki með í samtölu fyrir fjölda svara)
 - A.m.k. 3 svörum frá sérfræðilæknum (má vera eitt svar frá sérnámslækni/deildarlækni)
 - A.m.k. 2 svörum frá hjúkrunarfræðingum
 - A.m.k. 2 svörum frá öðrum starfsstéttum (s.s. sjúkraliðum, sjúkrahjálfulum, félagsráðgjöfum og riturum).
Athugið að svör frá þessum hópum þurfa að skrást undir „Allied Healthcare Professional/Additional team members“, annars tilheyra svörin ekki þessum flokki.
 - A.m.k. 3 svörum sem er frjálst frá hvaða starfsstéttum þau koma.
 - Handleiðari hefur sent samantekt á skjölunum, „Summary TAB“, til kandidateis í gegnum ePortfolio.
Miðað er við að þverfaglega matið sé gert fyrir miðbik sérnámsgrunnarsársins (á 4. – 6. mánuði á spítalahlutanum). SGL sendir matsblöð til ca. 20 samstarfsmanna. Matið má gjarnan taka yfir fleiri en eina deild, en miða skal við að svörin taki yfir ekki meira en 1-2 mánaða tímabil. Endurtaka þarf matið ef það skilar sér á of löngum tíma eða ef ástæða þykir til að endurtaka það að beiðni handleiðara eða kennslustjóra/yfirlækni SGL. Mælt er með því að matið sé gert á spítalamánuðunum, þó að gera megi það á heilsugæslu ef SGL er þar í 6 mánuði.

- A.m.k. 10 MiniCEX (mini clinical exercise í ePortfolio) hafa verið skráð og tengt við marklýsinguna.
 - Hef gert a.m.k. 3 miniCEX um líkamsskoðun og tengt við marklýsingu
 - Hef gert a.m.k. 3 miniCEX um klíniska skráningu (t.d. komunótu, dagál, útskriftarnótu) og tengt við marklýsingu
 - Hef gert a.m.k. 1 miniCEX um yfirferð og endurmat á lyfjalista sjúklings
 - Hef gert 1 miniCEX um að staðfesta andlát
 - Hef gert 1 miniCEX um að fylla út dánarvottorð
 - Hef gert 1 miniCEX að eigin vali á heilsugæslu (sjá neðar)

- Hef gert 4 eða fleiri ígrundanir og rætt þau við handleiðara og tengt við marklýsingu.

Skila þarf eftirfarandi ígrundunum:

- á matsblað á námsárinu
 - á atriði sem tengist fagmennsku
 - á gerð dánarvottorðs
 - ein ígrundun að eigin vali
 - SGL eru hvattir til að ígrunda á fræðsluerindi, sem er stjórnumerkt í yfirliti yfir fræðslu sérnámsgrunnslækna
- Ígrundanirnar eru skráðar með því að velja „Reflection“ og síðan „Reflective Practice“. Velja síðan „File status shared“.

- Hitt handleiðara á spítala a.m.k. þrisvar sinnum á sérnámsgrunnárinu.

Fundirnir eru skráðir í eftirfarandi eyðublaði í ePortfolio:

- Combined Induction Meeting with Clinical Supervisor & Initial meeting with Educational Supervisor
- Fundi um miðbik námstímans, eða aðra fundi, á að skrá undir Mid-placement review
- Educational Supervisor's End of Year Report

- Sérnámsgrunnslæknir hittir handleiðara á heilsugæslu vikulega á starfstímanum

- Fyrsti fundur er skráður sem: Induction meeting with Clinical Supervisor
- Vikulegir fundir eru skráðir a.m.k. einu sinni í mánuði sem Mid-placement review
- Lokafundur með handleiðara er skráður sem: Clinical supervisor end of placement report

Sérnámsgrunnslæknir hefur fengið að lágmarki eftirfarandi matsblöð og tengt við marklýsinguna:

- - 2 DOPS (Directly observed procedural skills) - inngríp að eigin vali
- - 8 CBD (Case Based Discussion) – þar sem allir gera:
 - 1 um sjúkling með geðræn vandamál
 - 1 um tilfelli þar sem sjúklingur er á barnsaldri
 - 1 um sjúkdómstílfelli þar sem lög og reglugerðir fléttast inn í tilfellið
 - 1 um tilfelli þar sem siðfræðileg álitamál koma upp
 - hef gert a.m.k. 1 CBD um vottorð
 - 3 CBD að eigin vali
- – 1 MiniCEX (Mini clinical evaluation exercise) að eigin vali
- - 1 Developing the clinical teacher

- Ég hef lesið gæðaskjöl um eftirfarandi inngríp, get framkvæmt þau og hef skráð DOPS (Directly Observed Procedural Skills) staðfestingu um þau í ePortfolio (athugið að skrá undir DOPS en ekki "Core Procedures"):

- Bláæðastungu: <http://heitur.landspitali.is/focal/gaedahandbaekur/gnhsykla.nsf/0/FB2777DA0F38B6C50025779600324E94>
- Blóðræktun: <http://heitur/focal/Gaedahandbaekur/gnhSkurda.nsf/0/58DC19ED2B0EC346002576C50055580F>
- Blóðgös: <http://heitur/focal/gaedahandbaekur/gnhsykla.nsf/0/4576C2141DECE2C9002577B6004D60C7>
- Ísetningu á þvaglegg: <http://heitur.landspitali.is/focal/gaedahandbaekur/gnhskurda.nsf/0/7B37AF1668821C3D002580A90040F885?OpenDocument>
- Uppsetningu á bláæðalegg: <http://heitur.landspitali.is/focal/gaedahandbaekur/gnhskurda.nsf/0/6A3A03FEE323C83900257F24004DB0EC?OpenDocument>
- SAK: Sjá gæðahandbók á innri síðu SAK

DOPS er mat á öllum inngrípum sem SGL gerir. Sérfræðilæknir, sérnámslæknir/deildarlæknir og hjúkrunarfræðingur (í vissum tilfellum) geta gert slíkt mat.

- Ég hef linkað matsblöðin (MCR, miniCEX, DOPS, íhuganir og TAB) við lokamarkmið marklýsingarinnar og staðfest færni í undirköflum og meginköflum marklýsingarinnar.
 - Þegar SGL fær til baka útfyllt matsblað þá þarf að tengja matsblaðið við viðeigandi atriði í marklýsingunni. Hvert matsblað má linka við 4 - 6 atriði í marklýsingunni. Slíkt er gert með því að opna matsblaðið í ePortfolio og velja „link“ hnappinn sem er allra neðst hægra megin í skjalinu (blái hnappurinn merktur „Links“). Þá opnast inn í kafla marklýsingarinnar og hægt að linka við hana (sjá leiðbeiningar á heimasíðu SG).
 - Í lok SG er ætlast til að SGL hafi tengt matsblöð við alla 12 meginkaflana og tengt við 70% af öllum undirköflum í hverjum meginkafla. Undantekningar eru: Kafli 3 þar sem nóg er að tengja bara við 3.1; og Kafli 12 þar sem nóg er að tengja við þau 5 skylduinngríp sem eru 12.1 Venepuncture, 12.2 IV Cannulation, 12.4 Arterial puncture in an adult, 12.5 Blood culture (peripheral), 12.13 Urethral catheterisation (male) eða 12.14 Urethral catheterisation (female).
 - SGL og handleiðari meta hvor um sig hæfni SGL í undirköflum og meginköflum marklýsingarinnar skv. matsblöðum.

❖ Leiðbeiningar um það hvernig má hlaða niður ePortfolio-inu að loknu sérnámsgrunnssári:

Where trainees wish to download multiple forms or curricula as a single PDF file, trainees should:

1. From the "Profile" menu, click on the "Download / Export" menu item
2. By default, the "Forms/Curriculum" tab will be selected.
3. To create a new PDF file, click the green "+Create PDF" button within the "Forms/Curriculum" tab.
4. On the next page, use the filters to locate the items you wish to add to the PDF file, moving them into the "Selected Items" list using the right arrow button (and out of the "Selected Items" list if they are not required), ordering them as desired using the up/down arrow buttons
5. Once the "Selected Items" list contains all the items desired, click the green "Create PDF" button.
6. The PDF file will be generated and will be listed at the top of on the Forms / Curriculum page.
7. From the "Actions" menu, select "View" to download the generated PDF file.

Please note that in addition to the above process we have added a new feature so that trainees can now download single forms as PDF files by clicking the "Download" button at the bottom of a form when viewing it onscreen.

- Hef mætt í a.m.k. 10 fræðsluerindi/hermikennslu fyrir SGL
Allt hluti af fræðsludagskrá sem er sérstaklega ætluð SGL. Mæting er staðfest í yfirlitsskjali frá Sigrúnu á menntadeild LSH.
- Hef mætt á námskeiðið Teymisvinna á bráðum aðstæðum/Þverfaglega hermikennslu á LSH/SAK og hlaðið inn staðfestingarskjali í „Personal library“ í ePortfolio, velja „File status shared“.
Haldið á LSH og SAK fyrir þau sem eru mest þar. Skyldumæting. Raðað er niður fyrir allt árið (sjá skjal á heimasíðu fyrir sérnámsgrunnslækna). LSH: Vottorð um þátttöku á námskeiðinu verður sent út í gegnum Orrann á LSH-netfangið ykkar. Ef þið lendið í vandræðum má hafa samband við Dröfn Ágústsdóttur (drofna@landspitali.is) og hún mun aðstoða ykkur. Takið fram fullt nafn, kennitölu og hvenær námskeiðið var haldið.
- Ég hef hlaðið ALS skírteininu mínu inn í ePortfolio undir „Addl. Achievements“ og „Certificate and exams“ og staðfest gildistímamann með því að fylla út í formið undir „Certificate exam details“.
LSH: Ef þið hafið ekki vottorðið af einhverjum ástæðum má óska eftir því frá Sesselju H Friðþjófsdóttur (sesselhf@landspitali.is). Takið fram fullt nafn, kennitölu og hvenær námskeiðið var haldið.
- LSH: Ég hef lokið Basic Patient Safety námskeiði á námsárinu.
Hlaða þarf niður staðfestingu á því að hafa lokið námskeiðinu inn í „Personal library“ í ePortfolio, velja „File status shared“.
Leiðbeiningar vegna staðfestingar:
 - a) Staðfesting á loknu námskeiði er send sjálfkrafa úr fræðslukerfi Orra á LSH-netfangið ykkar. Pósturinn mun birtast sem „Tilkynning frá ORRA“ Ef þessi póstur finnst ekki þá dugar næsta skref:
 - b) Stuttur tölvupóstur með staðfestingu á loknu námskeiði er sendur á gmail-netfangið ykkar frá námskeiðsstjóra, Reginu Ásdísardóttur. Ef þið finnið alls ekki þennan póst, sendið þá póst á Reginu (regina@landspitali.is) með fullu nafni, kennitölu og upplýsingum um hvenær þið tókuð námskeiðið.
 - c) Vistið póstinn í heilu lagi eða afritið textann úr staðfestingarpósti inn í Word- eða pdf-skjal og hlaðið inn í ePortfolio-ið.
- Námsdagar: Ég hef hlaðið samþykktum beiðnum um námsdaga, ferðakostnað, námskeiðsgjöld o.fl. inn í ePortfolio-ið undir „Personal Library“ (veljið „File status shared“). Vottorð um lokin námskeið/próf sem tengjast námsdögum á sérnámsgrunnssárinu hlaðist inn í ePortfolio-ið undir „Certificates and exams“.
- Staðfestingu frá heilsugæslunni um að heilsugæsluhluta sérnámsgrunnssársins sé lokið, ásamt upplýsingum um fjölda fjarvista á því tímabili, hefur verið hlaðið inn í „Personal library“ í ePortfolio-inu, velja „File status shared“. Grunnur að staðfestingarskjali, sem senda má til heilsugæslunnar má sjá [hér](#).

- Ég hef hlaðið inn skjölum í „Personal library“ í ePortfolio (velja „File status shared“), ef við á, staðfestingu frá sjúkrahúsi þar sem fram kemur að ég hafi lokið tilteknum fjölda mánaða, á tilteknu sviði og upplýsingum um fjölda fjarvista á Sjúkrahúsinu á Akureyri og/eða Sjúkrahúsinu á Akranesi. Á ekki við um LSH, nema ef aðeins eru teknir 2 mánuðir á LSH.

Ég hef uppfyllt skilyrði um viðveru á öllu sérnámsgrunnssárinu (samtals spítala- og heilsugæsluhluta).

Sjá nánar á næstu síðu.

- Reiknaðir fjarvistartímar voru 0 – 112 klukkustundir (fjarvistir á vöktum um helgar líka taldar með).
- Reiknaðar fjarvistir voru umfram 112 klst. og hefur námsárið verið framlengt í samræmi við reglur um það.
- LSH/SAK: Ég hef svarað jafnt og þétt vefkönnunum um mat á deildum Landspítala/SAK.
Kemur síðar fyrir LSH.
- LSH: Ég hef svarað könnun um besta kennarann/námsdeildina: *Kemur síðar*
SAK: Ég hef svarað könnun um besta kennarann/námsdeildina. Könnunin er send til ykkar í vefpósti.
- LSH: Ég hef skilað LSH farsíma og hleðslutæki til Sigrúnar á menntadeild.
Má senda í innanhúspósti/almennum pósti eða skila í móttökuna Skaftahlíð 24 í umslagi merkt „Sigrún Ingimarsdóttir, menntadeild Landspítala, Skaftahlíð 24“. Það er staðfest í yfirlitsskjali frá Sigrúnu á menntadeild að þessu hafi verið skilað.
SAK: Ég hef skilað farsíma á sí mavakt SAK.
- Ég hef skráð mig út af facebókarsíðunni „Sérnámsgrunnslæknar“.
- Ég hef leitast við að starfa fagmannlega og uppfylla lokamarkmið sérnámsgrunnssársins skv. marklýsingu.

Gátlistanum skal skilað við lok sérnámsgrunnssárs.

Ég staðfesti að hafa uppfyllt ofangreind skilyrði

Undirskrift sérnámsgrunnslæknis: _____ Dagsetning: _____

Vinsamlega sendið gátlistann til:

Fyrir LSH: Sigrúnar Ingimarsdóttur sem viðhengi í tölvupósti (skanna inn eða senda mynd) á netfangið sigruni@landspitali.is

Fyrir SAK (þeir sem eru 2 mánuði eða minna á LSH): Skilist á netfangið unglaeknar@sak.is

Sjá á næstu síðu skilyrði um viðveru á sérnámsgrunnssári

Skilyrði um viðveru á sérnámsgrunnsári

Sérnámsgrunnslægnað bera sjálfir ábyrgð á að halda utan um allar fjarvistir á sérnámsgrunnsári (samtals spítala- og heilsugæsluhluta), tilkynna um þær ef þær fara yfir leyfð mörk og sjá til þess að námsárið verði framlengt í samræmi við reglur um það.

Skilyrði varðandi fjarvistir á sérnámsgrunnsári:

Leyfðar eru samtals 112 klst. í reiknaðar fjarvistir (vaktir taldar með) á sérnámsgrunnsári. Reiknaðar fjarvistir eru samtals fjöldi fjarvasta í klst., en hver fjarvist telur þó aldrei meira en 8 klst.

Reiknaðar fjarvistir umfram 112 klst. lengja SG um 1 – x vikur, þ.e.:

- Reiknaðar fjarvistir umfram 112 klst. til og með 152 klst. lengir sérnámsgrunnsárið um 1 viku
- Reiknaðar fjarvistir umfram 152 klst. til og með 192 klst. lengir sérnámsgrunnsárið um 2 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 192 klst. til og með 232 klst. lengir sérnámsgrunnsárið um 3 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 232 klst. til og með 272 klst. lengir sérnámsgrunnsárið um 4 vikur, o.s.frv.

Lenging verður venjulega á því sviði þar sem flestar fjarvistir komu til.

Mjög mikilvægt er að SGL haldi sjálfir utan um allar fjarvistir sínar á sérnámsgrunnsárinu, fari vel yfir Vinnustund (LSH) eða önnur tilsvarendi kerfi og passi upp á að öll skráning sé rétt. Fjarvera á skipulagðri vakt telst til fjarvasta. Fyrir Landspítala er mikilvægt er að fylla staðarvaktafri (SVF) inn í Vinnustund eins og við á, þannig að fjarvera úr dagvinnu skráist rétt. Athugið að ef SGL er veikur á næturvöktum og gert er ráð fyrir SVF dagana á eftir, þá skrást veikindi í Vinnustund þangað til SGL mætir aftur til vinnu. Ef SGL er orðinn frískur og vill ekki fá skráða veikindadaga þá daga sem fyrir fram eru skráðir sem SVF, þarf hann að hafa samband við umsjónardeildarlækni og bjóðast til að mæta í dagvinnu eða halda inni SVF eigi SGL inni SVF fyrir þeim dögum. Ef SGL hefur verið veikur eina eða fleiri næturvaktir en ekki allar, þá á hann rétt á SVF fyrir hverja unna næturvakt. Leiðrétta þarf Vinnustund, þannig að þetta sé allt rétt skráð. Þeir sem halda utan um Vinnustund á viðkomandi sviðum eiga að geta aðstoðað SGL við að lagfæra þetta.

SGL á Landspítala geta fengið upplýsingar um fjarvistir í klukkustundum í Vinnustund. Farið þá inn í Vinnustund, veljið „Fjarvistir“ (í valglugga vinstra megin). Í felligluggunum sem þá koma upp á að standa „Allar fjarvistir“ og „Samtölur“. Setjið inn tímabil, en undanskiljið tímabil sem þið eruð á heilsugæslunni eða á öðrum sjúkrahúsum. Sjá í töflunni neðst í síðunni yfirlit yfir helstu fjarvistarþætti sem viðkoma SGL.

SGL bera sjálfir ábyrgð á að tilkynna til Sigrúnar Ingimarsdóttur (sigruni@landspitali.is) um leið og lengja þarf SG. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir framlengingu í SG skv. sérnámsgrunnsblokk. Þegar nær dregur er útbúin tilkynning um framlengingu á ráðningasamningi og send til launadeildarinnar og gengið frá viðbótarumsókn um tímabundið lækningaleyfi ef við á. **Vinsamlega tilkynnið eins fljótt og þið getið um þörf á lengingu á SG.**

SGL á Landspítala, sem þarfnast nánari upplýsinga eða aðstoð við Vinnustund, geta haft samband við skrifstofustjóra á viðkomandi sviði. Maríu Guðmundsdóttur launafulltrúi, netfang: maria@landspitali.is getur líka veitt nánari upplýsingar ef þörf er á. Sjá dæmi um yfirlit frá launadeildinni. Það er dálkurinn „Fjarvist upp í vinnutíma“ sem gildir. Hér fyrir neðan er bætt við athugasemdadálki aftast sem sýnir hvað er talið með til fjarvasta og hvað ekki.

Skýringar á yfirliti yfir fjarvistir, m.a. hvaða fjarvistir eru taldar með.

Fjarvistir							ATH. varðandi kandidatsár
Skipulagseining:							
Nafn:							
Kennitala:		xxxxxx-xxx9					
Fjarvistategund:							
Tímabil:		Til og frá					
Birtar eru fjarvistir sem eru samþykktar eða farnar til launa.							
<= Taka þarf eftir tímabili, best að sleppa tímabilinu á heilsugæslunni. Þessi dálkur gildir							
Nafn	Kennitala	Nr.	Skipulagseining	Fjarvistategund	Fjarvist upp í vinnutíma	Reikn tímar	
Jóna Jónsdóttir	xxxxxx-xxx9	xxxx	Aðst.lækn lyf	Hvöld fyrir og eftir vakt til að lágmarkshvöld náist	77,35	x	Ekki talið með
			Aðst.lækn lyf	Staðarvaktafri úttekt	153,26	x	Ekki talið með
			Bráðalækningar	Kauplaust leyfi	8	x	Talið með (8)
			Aðst.lækn lyf	Veikindi	16	x	Talið með (16)
			Bráðalækningar	Veikindi barns	24	x	Talið með (24)
			Bráðalækningar	Kauplaus veikindi, eftir að veikindaréttur hefur verið...	32	x	Talið með (32)
			Bráðalækningar	Fræðsla, námskeið að ósk starfsmanns, innanhúss	4	x	Talið með (4)
			Bráðalækningar	Fræðsla, námskeið að beiðni stofnunar, innanhúss	8	x	Ekki talið með
			Bráðalækningar	Leyfi heimilað af yfirm. til skamms tíma s.s. v/læknisferða, jarðarf. og andláts maka/nák.ættungi	2	x	Ekki talið með
			Bráðalækningar	Fritökuréttur, úttekt	8	x	Ekki talið með
			Bráðalækningar	Fridagur vegna vikulegs hvíldardags (35 st). Skrá þarf skýringu hvaða viku er verið að ...	8	x	Ekki talið með

Sjá skjal á heimasíðu sérnámsgrunnslækna (www.landspitali.is/sgl), þar er að finna ítarlegri upplýsingar um leyfi, orlof, fæðingarorlof o.fl.